Já, en þetta er algjört brjálæði, þúsundir tölvupósta, símtöl, umboðsmenn, þetta er klikkað. 37

Domingo krankur

Dregur sig í hlé vegna veikinda



Plácido Domingo

SÖNGVARINN kunni Plácido Domingo hefur neyðst til að stíga af söngsviðinu um tíma vegna ótilgreindra veikinda. Samkvæmt fréttum fann hann til óþæginda á tónleikaför í Japan fyrr í mánuðinum og lyktaði með því að hann varð að leggjast undir hnífinn og aflýsa tónleikum.

Talsmenn söngvarans neita að gefa upp hvað það sé sem hrjáir hann, en segja að skurðaðgerðin sé fyrirbyggjandi og að hann muni snúa aftur til starfa eftir hálfan annan mánuð hið mesta.

Domingo, sem er af spænsku bergi brotinn, er 69 ára gamall og stóð fyrst á sviði með móður sinni 1957 í Yucatán í Mexíkó. Hann hefur verið með áhrifamestu og bestu söngvurum síðustu áratuga og hefur sungið 128 óperuhlutverk sem er með því mesta sem þekkist, en hann hefur líka verið iðinn við hljómsveita- og óperustjórn.

Rushdie og árin týndu

ÞVÍ HEFUR verið haldið fram að fatwa, eða dauðadómur Ayatollah Khomeini, andlegs leiðtoga Írana, yfir rithöfundinum Salman Rushdie vegna *Söngva Satans* fyrir tuttugu árum hafi verið vendipunktur í sögu íslamstrúar, enda hafi það verið í fyrsta sinn sem heittrúarhópar hafi beitt sér svo opinskátt gegn jafn sjálfsögðum hlut sem prent- og persónufrelsi á Vesturlöndum.

Rushdie var í felum í áratug vegna þessa og hyggst nú skrifa bók um þann áratug. Þetta kom fram á blaðamannafundi í tilefni af opnun sýningar á gömlu skjölum, bréfum, teikningum, handritum og minnisbókum hans í Emory háskóla í Atlanta vestur í Bandaríkjunum, en að sögn Rusdies gerði flokkun á þessum skjölum honum mögulegt að byrja á verkinu.

Myndlist

Opið hús hjá listamiðstöðinni Nesi



Erla S. Haraldsdóttir

ÞAÐ verður opið hús hjá Nesi listamiðstöð á Skagaströnd í dag, frá kl. 18 til 21. Listamenn febrúarmánaðar munu þar sýna gestum og gangandi afrakstur dvalar sinnar á Skagaströnd en þeir eru tíu talsins. Þetta eru þau Nadine Poulain frá Þýskalandi, Franz Rudolf Stall frá Frakklandi, Erla S. Haraldsdóttir, Craniv Boyd og Morgan Levy frá Bandaríkjunum, Jee Hee Park frá Kóreu, Paola Leonardi frá Englandi, Margaret Coleman og Anna Marie Shogren frá Bandaríkjunum og Mari Mathlin frá Finnlandi. Listamennirnir sinna ólíkum listgreinum, flestallar heyra undir myndlist.

Leiklist

Nálgun leikhússins við Gerplu



Björn Thors

BJÖRN Thors spjallar um nálgun leikhússins við Gerplu í stofunni á Gljúfrasteini næstkomandi sunnudag, en hann leikur Þormóð Kolbrúnarskáld í uppfærslu Þjóðleikhússins á verkinu. Björn hyggst rekja lauslega ferli uppsetningarinnar og glímu leikhópsins við texta verksins og söguna og meðal annars reyna að svara spurningum um hvernig hægt sé að setja upp leiksýninguna Gerplu og hvaða vanda leikhópurinn hafi staðið frammi fyrir þegar hafist var handa við að þýða Gerplu yfir á svið. Spjall Björns, sem hefst kl. 16, er liður í Verki mánaðarins á Gljúfrasteini.

Tónlist

Klassík í hádeginu í Gerðubergi



Nína Margrét Grímsdóttir

TÓNLEIKARÖÐIN Klassík í hádeginu hefst að nýju í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi næstkomandi föstudag, en þá verður flutt dagskráin *Vor í París*. Eins og heitið ber með sér verður frönsk tónlist í aðalhlutverki, verk eftir Chaminade, Hüe, Poulenc og Messiaen. Flytjendur eru Áshildur Haraldsdóttir flautuleikari og Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari. Nína er listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar sem felur í sér sex hádegistónleika frá febrúar til apríl. Hver efnisskrá er flutt tvisvar og því verður hægt að hlýða á þær Áshildi og Nínu á föstudaginn kl. 12.15 og á sunnudaginn kl. 13.15.

Heimild um frumherja

● Orða- og tónlistahátíðin Orðið tónlist hefst í kvöld ● Hátíðin hefst með frumsýningu heimildarmyndar um tónskáldið Magnús Blöndal Jóhannsson

Eftir Árna Matthíasson
arnim@mbl.is

ORÐ- OG tónlistahátíðin *Orðið tónlist* verður haldin í Listasafni Reykjavíkur Hafnarhúsinu í dag og á morgun. Helsti viðburður dagsins í dag verður frumsýning á heimildarmynd Ara Alexanders Ergis Magnússonar um tónskáldið Magnús Blöndal Jóhannsson, frumherja í tónsmíðum og raftónlist, en Magnús lést 2005.

Ari hefur verið með myndina í smíðum í nokkurn tíma, en brot úr henni var sýnt fyrir fimm árum þegar þess var minnst í september 2005 að Magnús hefði þá orðið áttræður. Myndin hefur lengst umtalsvert og nú orðin tæpur klukkutími að lengd. Hún byggist að stórum hluta á viðtali Hans Ulrich Obrist, sýningarstjóra hjá Serpentine-galleríinu í Lundúnum, sem tekið var haustið 2004, skömmu fyrir andlát Magnúsar.

Ari segir að Hans Ulrich Obrist hafi komið þannig að verkinu að hann hafi unnið nokkuð með Matthew Barney, listamanni og sambýlismanni Bjarkar Guðmundsdóttur, og í ljósi þess að Obrist hefur gert talsvert af því að taka viðtöl við tónskáld og gefa út á bók hafi Björk sagt honum frá Magnúsi Blöndal og verkum hans og þá hafi kviknað áhugi hjá Obrist. „Ég þekkti Magnús, kynntist honum þegar ég var að vinna á Hótel Örk og Valhöll meðfram námi, en Magnús var þá að spila þar. Ég var svo beðinn um að taka á móti Obrist þegar hann kom hingað fyrir tilstilli Sigurjóns Sighvatssonar 2004 og á leiðinni til Reykjavíkur fór hann að spyrja mig um Magnús, sagði að Björk hefði sagt sér að hann væri mikið sérí og vildi endilega fá að hitta hann. Ég hringdi í Magnús sem tók mér vel og við drifum okkur til hans og tókum tveggja tíma viðtal – þetta var algjör töfrastund og eitt af eftirminnilegustu atvikum ævi minnar. Ég ætlaði svo að hitta Magnús aftur stuttu síðar til að tala sérstaklega um íslenskt tónlistarlíf, en náttina áður en af því varð féll hann í dá og lést svo stuttu síðar.“

Aðgangur er ókeypis að *Orðinu tónlist*, en á undan sýningu heimildarmyndarinnar leika Sigtryggur Baldursson og Kippi kaníus á parabólur og eftir myndina leikur Stilluppsteypa létta danstónlist. Herlegheitin hefjast kl. 20.



Ljósmynd/Ari Alexander Ergis Magnússon

Frumherji Tónskáldið Magnús Blöndal Jóhannesson á heimili sínu skömmu fyrir andlát sitt. Myndin er úr heimildarmynd um Magnús sem frumsýnd verður í kvöld.

Leitandi og skapandi tónskáld

Magnús Blöndal Jóhannsson (1925-2005) stundaði nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík á árum seinni heimsstyrjaldarinnar og fór til framhaldsnáms við Juilliard-skóla í New York árið 1947 og dvaldi þar við tónsmíðanám til ársins 1952. Árið 1951 samdi hann fyrsta íslenska tólftóna verkið, Fjórar abstraksjónir fyrir píanó, og síðar fyrstu raftónsmíðina, Elektrónísk stúdíu fyrir segulband, blásarakvintett og píanó, árið 1960. Á níunda áratugnum dvaldi Magnús Blöndal aftur í Bandaríkjunum við tónsmíðar og frá þessum tíma er eitt kunnasta verk hans, Adagio fyrir strengi, selestu og slagverk. Einnig samdi Magnús fjölmörg sönglög sem sum hver eru orðin þjóðþekkt, til dæmis lagið Sveitin milli sanda. Magnús var um skeið hljómsveitarstjóri Þjóðleikhússins og starfaði lengi við Ríkisútvarpið.

Óraunverulega raunverulegt Hvergiland

Katrín Elvarsdóttir sýnir í Hafnarhúsinu

KATRÍN Elvarsdóttir opnar ljósmyndasýningu í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu í dag kl. 17 en sýningin, *Hvergiland*, er liður í svonefndu D-salar sýningarverkefni safnsins.

Katrín lauk með FBA-gráðu frá Art Institute of Boston árið 1993 og hefur sýnt víða; í Bandaríkjunum, Evrópu og á Íslandi. Á sýningunni eru myndir sem Katrín hefur tekið af húsvögnum, runnum, trjám, byggingum og stígum og raðað svo saman að til verður heimur sem hún kallar Hvergiland af því hann er ekki til; tekur myndir af raunverulegum hlutum og setur í óraunverulegt samhengi, enda segist hún ekki í skrásetningarhlutverkinu.

„Þetta er röð þrettán mynda sem ég setti saman fyrir þetta rými, en ég vann myndirnar sumarið 2009 og það gekk hratt fyrir sig,“ segir Katrín, en aðspurð segist hún yfirleitt ekki leggja mikla vinnu í eftirvinnslu á myndunum því þó hún taki myndir á stafræna myndavél noti hún vélina nánast eins og filmuvél og eins að það sé allur gangur á því hve lengi hún sé að vinna hugmyndir, sumar taki tvö til þrjú ár, en aðrar spretti fram fullmótaðar á mettíma.

„Ég er að vinna að tveim sýningum til viðbótar; önnur verður samsýning með fígúratívum ljósmyndum í Listasafni Reykjanesbæjar í Duus og verður opnuð eftir rúma viku, en hina er ég að vinna fyrir Listahátíð og heitir Equivocal, en það eru myndir sem ég hef verið að vinna að undanfarin tvö til fjögur ár.“



Ljósmynd/Katrín Elvarsdóttir

Óraunverulegt Hvergiland 1, ein ljósmynda Katrínar Elvarsdóttur frá Hvergilandi.

D-röðin viðurkenning

Listasafn Reykjavíkur Hafnarhúsinu hefur haldið úti svonefndri D-salar sýningarröð sl. þrjú ár, en hún er ætluð ungum listamönnum sem flestir hafa sótt sér framhaldsmenntun í list sinni og sýnt á einkasýningum og samsýningum hér heima og erlendis. Þeim er boðið að skapa verk fyrir D-sal Hafnarhússins, en listasafnið stendur straum af kostaði vegna verksins eða verkanna. Öðrum þræði er þetta gert til að veita listamönnunum þá viðurkenningu að hafa sýnt í opinberu listasafni, en einnig verða sérstakar bækur gefnar út um sýningarnar. Á síðasta ári kom út bók um átta fyrstu sýningarnar og næstu átta verða skjalfestir með haustinu en sýning Katrínar Elvarsdóttur er einmitt sextánda sýningin.